

Knattspyrnusamband Íslands
b.t. Klöru Bjartmarz
Laugardal
Reykjavík

Akranesi 26. janúar 2018

Efni: Framboð til stjórnar KSÍ.

Í samræmi við ákvæði laga KSÍ tilkynnir undirritaður hér með um framboð til aðalstjórnar Knattspyrnusambands Íslands.

Stutt ferilskrá:

Undirritaður er lögfræðingur að mennt og héraðsdómslögmaður. Starfaði sem lögmaður á árunum 1981 – 1985, en tók þá við starfi bæjarritara á Akranesi og starfi bæjarstjóra á sama stað frá 1987 til loka árs 2005. Hefur starfað síðan sem hafnarstjóri Faxaflóahafna sf. auk þess að hafa sinnt margs konar verkefnum á vettvangi hafna, sveitarstjórna og hlutafélaga. Undirritaður lengst af ævinni verið þátttakandi í íþróttahreyfingunni. Alinn upp í KR og lék þar knattspyrnu og körfuknattleik í meistaraflokki og m.a. nokkra landsleiki í körfuknattleik. Kom einnig við sem leikmaður Gróttu og Árvakurs á þeim tíma. Frá árinu 1982 hefur undirritaður búið á Akranesi og sat þrjú ár í stjórn Íþróttabandalags Akranesi. Þann tíma sem undirritaður var bæjarstjóri á Akranesi (1987-2015), átti hann fjölbætt og einkar farsælt samstarf við íþróttahreyfinguna á Akranesi. Undirritaður var formaður Rekstrarfélags meistaraflokks Knattspyrnufélags ÍA frá árinu 2006 til 2009, en formaður Knattspyrnufélags ÍA frá því síðla árs 2009 til ferbúar 2012. Hefur setið í stjórn KSÍ frá árinu 2012 og á þeim tíma unnið þar að ýmsum málum, m.a. komið að mannvirkjamálum, laga- og reglugerðarmálum, starfi fjárhagsnefndar, landsliði U21, dómaramálum auk annarra verkefna á vettvangi knattspyrnusambandsins.

Virðingarfyllst,



Gísli Gíslason.

